

Leiðbeiningar um gátt til að tilkynna framleiðslu virkjana

Þar sem upphaf framleiðslu virkjana inn á flutnings- og dreifikerfi landsins getur ekki farið fram hjá dreifiveitum en gerist án vitundar Orkustofnunar, óskar stofnunin eftir að flutningsfyrirtækið Landsnet og dreifiveitur tilkynni upphaf framleiðslu inn á raforkukerfið.


Til þess að gera þessar tilkynningar skilvirkar og samræmdar hefur stofnunin útbúið gátt fyrir þær.

Gáttin er hluti af þjónustugátt stofnunarinnar sem er að finna efst til hægri á heimasíðu hennar:



Mynd 1 – Þjónustugátt Orkustofnunar er efst til hægri á heimasíðu stofnunarinnar

Þegar Þjónustugáttin hefur verið valin er kemur upp síða þar sem valin er Innskráning í hægri horni efst eða Tilkynningar og þar undir Upphaf framleiðslu virkjunar og skráir sig inn.



Mynd 2 – Hægt er að velja Innskráning í hægri horni efst til að skrá sig inn

Til að skrá sig inn í gáttina þarf að auðkenna sig með Íslyklinum eða rafrænum skilríkjum á vef Island.is.

Innskráning á þjónustugáttina vísar þangað þegar Innskráning með Island.is er valið.

Síðan innskraning.island.is birtist:

Íslykill

Kennitala:

Íslykill:

Staðfesta

Mig vantar íslykill

Rafræn skilríki

Skilríki í síma:

Innskrá

Skilríki á korti:

Staðfesta

Mig vantar rafræn skilríki

Mynd 3 – Hægt er að skrá sig inn með Íslykli eða Rafrænum skilríkjum

Þá er hægt að skrá sig inn með Íslykli eða Rafrænum skilríkjum.

Þá opnast Þjónustugátt Orkustofnunar og við blasir þessi valmynd:

ORKUSTOFNUN

Heim Innhólf Mín mál Umsóknir Leit Notandi

Velkomin(n) Erla Björk Þorgeirsdóttir

Þjónustugátt Orkustofnunar

Þjónustugátt er rafrænn aðgangur sem gerir notendum kleift að senda inn rafrænar umsóknir og fylgjast með eigin málum innan stjórnsýslunnar, eftir að hafa skráð sig og auðkennt á ISLAND.IS.

Hér í þjónustugátt Orkustofnunar eru eyðublöð fyrir allar umsóknir, gagnaskil og erindi sem senda þarf til Orkustofnunar. Eyðublöðin eru rafræn og hægt er að bæta við viðhengjum eftir þörfum

Innsend umsókn, gagnaskil eða erindi verða að máli í málakerfi Orkustofnunar og mun skipaður ábyrgðaraðili fara yfir þitt mál og koma því í ferli. Mál hvers aðila eru aðgengileg honum á einum stað undir „MÍN MÁL“ í þjónustugáttinni

Skilaboð berast skráðum notendum með tölvupósti frá þjónustugáttinni þegar erindi eru móttækin, tekin til afgreiðslu eða erindum er lokið. Öll samskiptaskjöl eru vistuð í viðkomandi máli í „MÍN MÁL“ í þjónustugáttinni

Til að fylgjast með stöðu umsókna og gagnaskila munt þú eftir nýskráningu velja innskráningu og fara inn á „MÍN MÁL“ en þar hefur þú yfirlit yfir öll mál sem varða þig og samskiptasögu varðandi málið.

Vefgátt Orkustofnunar

Allir geta nýskráð sig á vefinn.

Eftir að eyðublað hefur verið sent, fer erindið í afgreiðslu hjá Orkustofnun. Umsækjandi fær sjálfvirkar tilkynningar þegar staða máls uppfærast eða ný skjöl berast undir málið.

Mynd 4 – Þegar komið er inn á þjónustugáttina er valið að fara í Umsóknir

Næsta skref felur í sér að velja Umsóknir sem er þriðji valkostur frá hægra horni efst á skjánum.

Þá birtist þessi listi:

Umsóknir & eyðublað

Orkustofnun

Borstaðir

- Borholuskrá. Umsókn um númer borholu

Eldsneyti - Gagnaskil

- Eldsneyti - Mánaðarleg skil
- Eldsneyti - Ársskil

Jarðhitaleit - Styrkumsókn

- Jarðhitaleit - styrkir

Jarðhiti - Gagnaskil

- Jarðhiti - Framtal 7A - Jarðhitavinnsla og niðurdæling
- Jarðhiti - Framtal 7D - Gaslosun jarðvarmavirkjana og hitaveitna
- Jarðhiti - Framtal 7E - Vatnsborðsmælingar

Niðurgreiðslur/Eingreiðslur

- Gróðurhúsálýsing - gagnaskil
- Gróðurhúsálýsing - umsókn um niðurgreiðslu
- Niðurgreiðsla húshitunar – umsókn

Orkusjóður - Styrkumsóknir

- Sérstakir styrkir Orkusjóðs - umsókn 2019

Raforkumál - Gagnaskil

- Aflgögn

Smávirkjanir

- Frumhugmynd að smávirkjun í vatnsaflí

Tilkynningar

- Upphaf framleiðslu virkjunar

Umsóknir

- Gjaldskrá hitaveitu - beiðni um staðfestingu ráðherra

Varmaorka - Gagnaskil

- Varmaorka - Framtal 4B - Varmaorka eftir notkunarflokkum
- Varmaorka - Framtal 4C - Fiskeldi
- Varmaorka - Framtal 4D - Gróðurhús
- Varmaorka - Framtal 4E - Iðnaður

Mynd 5 – Undir Tilkynningar er hægt að velja Upphaf framleiðslu virkjunar

Þar er valið undir Tilkynningar, Upphaf framleiðslu virkjunar.

Nú opnast eyðublað til útfyllingar:

Upphaf framleiðslu virkjunar

Upplýsingar um virkjun

Fylgigögn tilkynningar

Nafn á fylgiskjali 1

Skrá fyrir fylgiskjal 1 No file chosen

Undirskrift aðila sem tilkynnir upphaf framleiðslu

Dagsetning *


Undirskrift


Mynd 6 – Atriði sem um ræðir í tilkynningunni

Valkvætt er hvort send eru inn einhver fylgigögn en gögnin sem farið er fram á eru upplýsingar um sjálfa virkjunina, eiganda hennar sem að jafnaði er fyrirtæki og tengilið fyrir hönd þess fyrirtækis.

Upplýsingarnar eru nauðsynlegar fyrir stofnunina svo að hún geti rækt hlutverk sitt sem eftirlitsaðili með rekstri virkjana.

Gögnin sem óskað er eftir eru:

Upphaf framleiðslu virkjunar 

Upplýsingar um virkjun 

Nafn virkjunar *

Dreifikerfi/flutningskerfi *

Tegund virkjunar *

Stærð [KW] *

Samfasa/ósamfasa *

Staðsetning *

Sveitarfélag virkjunar *

Póstnúmer virkjunar *

Nafn eiganda *

Kennitala eiganda *

Heimilisfang *

Póstnúmer *

Símanúmer eiganda *

Farsímanúmer eiganda *

Sveitarfélag eiganda *

Tengiliður *

Kennitala tengiliðar *


Heimilisfang tengiliðar *

Póstnúmer tengiliðar *

Sveitarfélag tengiliðar *

Símanúmer tengiliðar *

Farsími tengiliðar *

Dagsetning * 

Mynd 7 – Upplýsingar sem Orkustofnun þarf til að geta framfylgt eftirlitsskyldu sinni

Þegar búið er að fylla út í alla reiti er valið að vista tilkynninguna og svo að senda hana til Orkustofnunar með því að velja græna hnappinn til að senda. Ef afla þarf frekari gagna til að ljúka við tilkynninguna er hægt að velja að Vista eða Vista og loka.



Mynd 8 – Hægt er að vista tilkynningu á meðan hún er í vinnslu